

Akureyri, 25. Feb. 2019.

Ármann Viðar Sigurðsson
Deildarstjóri tæknideildar
Fjallabyggð


Varðar: fyrirspurn skipulags og umhverfisnefndar vegna hárra gáma á gámasvæðum.

Í útboðsgögnum (liður 2.2) er tekið fram hvers konar gámar skulu vera á gámasvæðum.

Það eru háir opnir gámar á báðum gámasvæðum undir almennt/gróft sorp en í útboðsgögnum er ekki sérstaklega tekið fram hvernig sá gámur skal vera. Ein ástæðan fyrir þessum háa gám undir almennt/gróft sorp stafar m.a. af því að Gámafélagið er að reyna að minnka umhleðslu sorps úr litlum gánum í stóra. Til þess að það sé hægt að umhlaða sorpi með góðu móti þarf ásættanlega inni aðstöðu sem því miður er ekki til staðar í Fjallabyggð. Samkvæmt útboðsgögnum skulu vera opnir háir gámar undir timbur.

Ég geri mér grein fyrir því sem kemur fram í bréfinu að það getur verið varasamt við vissar aðstæður að henda í gámana. Á gámasvæðum eru starfsmenn sem eiga að aðstoða fólk sem þangað kemur við flokkun og setja í gáma. Þeir eiga jafnframt að sjá til þess að aðgengi að gánum sé öruggt. Það er reglulega farið yfir þessi atriði með starfsmönnum og verður því nú sérstaklega fylgt eftir.

f.h. Íslenska Gámafélagsins ehf.


Stefán Stefánsson
Íslenska Gámafélagið ehf.
Gufunesi
112 Reykjavík.